



Félagsfræði FÉLA3KR09

6. bekkur

Námsáætlun 2020-2021

Í vetur verður fjallað ítarlega um meginkenningar félagsfræðinnar og helstu fræðimenn hennar. Einnig verða kenndar og þjálfaðar aðferðir við framkvæmd félagsfræðilegra rannsókna og framsetning á rannsóknarniðurstöðum.

Kenndar verða 4 kennslustundir í viku og fer kennsla fram með verkefnavinnu, umræðum, innlögnum kennara sem og nemenda.

Auk minni verkefna munu nemendur vinna tvö stærri rannsóknarverkefni undir handleiðslu kennara, þar sem lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Nemendur;

þjálfist í að fjalla um félagsleg málefni

þjálfist í gagnrýnni hugsun og rökræðu

geti gert grein fyrir helstu kenningum félagsfræðinnar og skilji hvernig kenningaleg nálgun tengist viðfangsefnum og aðferðum félagsfræðirannsókna

geti beitt kenningum um samfélagið við túlkun og greiningu á samfélaginu og samfélagslegum málefnum.

þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu ásamt ábyrgð á eigin námi

geti skipulagt og framkvæmt einfaldar félagsfræðirannsóknir og komið niðurstöðum þeirra á framfæri á vandaðan hátt.

Námsefni:

Félagsfræði II. Kenningar og samfélag. Garðar Gíslason. Ný útgáfa 2016.

Efni af veraldarvefnum sem nemendur nálgast í verkefnavinnu í kennslustundum.

Annað efni frá kennara

Námseinkunn:

Þrjú kaflapróf (október, nóvember, febrúar) 30%

Megindleg rannsókn (para eða hópverkefni) skil í nóvember 20%

Eigindleg rannsókn (einstaklingsverkefni) skil í apríl 25%

Vetrarástundun: Mæting, þátttaka og virkni í tímum sem felst í því að koma vel undirbúin í tíma, taka þátt í umræðum og skila tímaverkefnum 25%

Ekki verður jólapróf heldur verður jólaeinkunn reiknuð út frá frammistöðu í kaflaprófum haustsins og megindlegu rannsóknarverkefni

Stúdentsprófseinkunnin er meðaltal náms- og vorprófseinkunnar.

Vinnuáætlun haustannar

Efni

1	1. kafli. <i>Sleppa fram að bls. 29</i> að Hagnýtt gildi félagsfræðinnar.
2	Rannsókn Durkheims á sjálfsvígum. Hlutverk félagsfræðinnar
3	Tvö megin sjónarhorn og Þróun félagsfræðinnar sem vísindagreinar
4	2. kafli. Félagsfræðikenningar. Alheimsporpið. Kenningar. Samvirknikenningar. <i>Sleppa Herbert Spencer, bls. 73-75</i>
5	Átakakenningar. Marxismi

6	Samskiptakenningar
7	Táknræn samskipti. Gamla eða nýjar kenningar
8	Póstmóðernismi. <i>Sleppa bls. 107-110 fram að Nútíma hugsuðir.</i>
9	4. kafli. Kynhlutverk
10	Hvernig mótast kynhlutverk?
11	Feðraveldið, kynhlutverk, kynbundin lagskiping og kynhyggja. <i>Sleppa gráa kaflanum bls. 199-202</i>
12	Kenningar um kynhlutverk.
13	Femínismi. Kynhlutverk og kynímyndir við upphaf 21. aldar.
14	Nemendur vinna að meginlegri rannsókn
15	Nemendur vinna að meginlegri rannsókn
16	Meginleg rannsókn skil rannsóknarskýrslu og kynningar

Með fyrirvara um breytingar,

Margrét Adolfsdóttir